

FORSETAÚRSKURÐUR

um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar og laga um Stjórnarráð Íslands, ber stjórnarmálefni undir ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands sem hér segir:

1. gr.

Forsætisráðuneyti.

Forsætisráðuneyti fer með mál er varða:

1. Stjórnskipan lýðveldisins Íslands og Stjórnarráð Íslands í heild, þar á meðal:
 - a. Embætti forseta Íslands, þ.m.t. ákvörðun kjördags, embættisgengi og embættisbústað.
 - b. Alþingi.
 - c. Ríkisráð Íslands.
 - d. Ríkisstjórn Íslands.
 - e. Skipun ráðherra og lausn.
 - f. Skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.
 - g. Skiptingu starfa milli ráðherra.
 - h. Skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta.
 - i. Ráðherranefndir.
 - j. Forystu og samhæfingu innan Stjórnarráðs Íslands.
 - k. Stjórnarfar almennt, þ.m.t. lög um Stjórnarráð Íslands, stjórnsýslulög og upplýsingalög.
 - l. Framfylgd laga og reglna um undirbúning stjórnarfrumvarpa.
 - m. Siðareglur fyrir ráðherra og starfsmenn Stjórnarráðs Íslands.
 - n. Málstefnu fyrir Stjórnarráð Íslands.
 - o. Ráðstöfun skrifstofuhúsa ráðuneyta og gestahúsa ríkisstjórnarinnar.
 - p. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.
2. Þjóðartákn og orður, þar á meðal:
 - a. Fána Íslands og ríkisskjaldarmerki.
 - b. Þjóðsöng Íslendinga.
 - c. Hina íslensku fálkaorðu.
 - d. Önnur heiðursmerki.
3. Skipulag forsætisráðuneytisins og starfsmannahald.
4. Annað, þar á meðal:
 - a. Almannavarna- og öryggismálaráð.
 - b. Vísinda- og tækniráð.
 - c. Þjóðlendur og málefni óbyggðanefndar.
 - d. Rannsókn á orsökum ofanflóðs og afleiðingum þess ef manntjón hlýst af.
 - e. Rannsókn á starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.
 - f. Embætti ríkislögmanns.
 - g. Umboðsmann barna.
 - h. Þingvelli og Þingvallabjóðgarð.

2. gr.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti fer með mál er varða:

1. Skipulag atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og starfsmannahald.
2. Almenn starfsskilyrði- og stuðningsumhverfi atvinnulífs þar á meðal:
 - a. Atvinnuþróun, tæknirannsóknir og nýsköpun.
 - b. Stuðning ríkisins við rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun í atvinnugreinum.
 - c. Opinberar fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum.
 - d. Ívilnanir vegna nýfjárfestinga og gerð fjárfestingarsamninga annarra en milliríkjasamninga.
 - e. Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri.
 - f. Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
 - g. Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.
 - h. Skrifstofu rannsóknarstofnana atvinnuveganna.
3. Byggðamál, þar á meðal:
 - a. Gagnasöfnun og rannsóknir til undirbúnings stefnu í byggðamálum.
 - b. Byggðaáætlun og jöfnun búsetuskilyrða.
 - c. Samstarf og samráð um stuðningsaðgerðir.
 - d. Jöfnun kostnaðar við húshitun og dreifingu raforku.
 - e. Jöfnun flutningskostnaðar.
 - f. Byggðastofnun.
4. Orkumál og auðlindanýtingu þar á meðal:
 - a. Öryggi raforkukerfisins.
 - b. Raforkumarkað.
 - c. Forystu um orkusparnað, nýtingu orku og orkuskipti.
 - d. Visthönnun vöru sem notar orku og orkumerkingar.
 - e. Hitaveitur, gjaldskrár og stofnstyrki.
 - f. Leyfi til nýtingar á auðlindum í jörðu og á, í eða undir hafsbotni.
 - g. Leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (olíuleit).
 - h. Nýting vatns.
 - i. Orkustofnun.
 - j. Úrkurðarnefnd raforkumála.
5. Viðskiptalíf, almenn lagaumgjörð, þar á meðal:
 - a. Rafræn viðskipti, rafræna þjónustu og rafrænar undirskriftir.
 - b. Frum- og milliinnheimtu peningakrafna.
 - c. Vízla, tékka og skuldabréf.
 - d. Fyrningu kröfuréttinda.
 - e. Ábyrgðarmenn.
 - f. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, þ.m.t. einkaleyfi, vörumerki, félagamerki, uppfinningar starfsmanna og hönnun.
 - g. Einkaleyfastofu.
 - h. Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar.
 - i. Félagarétt, þ.m.t. bókhald, endurskoðendur og ársreikninga.
 - j. Skráningu fyrirtækja og félaga og málefni fyrirtækjaskrár og ársreikningaskrár.
 - k. Framkvæmd útboða.
 - l. Samkeppnismál.
 - m. Samkeppniseftirlitið.

- n. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála.
 - o. Staðla og Staðlaráð Íslands.
 - p. Faggildingu.
6. Fjármálamarkað, lagaumgjörð og eftirlit, þar á meðal:
- a. Fjármálafyrirtæki.
 - b. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.
 - c. Verðbréfamarkaði.
 - d. Úrskurðarnefnd verðbréfamistöðva.
 - e. Innstæðutryggingar.
 - f. Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.
 - g. Vátryggingar og vátryggingastarfsemi.
 - h. Úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum.
 - i. Viðlagatryggingu Íslands.
 - j. Úrskurðarnefndar um viðlagatryggingu.
 - k. Bjargráðasjóð.
 - l. Greiðslukerfi og greiðsluþjónustu.
 - m. Fjármálaeftirlitið.
 - n. Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD).
7. Sjávarútveg og veiði í ám og vötnum, eldi og ræktun nytjastofna, þar á meðal:
- a. Stjórn á verndun og nýtingu fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotsins.
 - b. Veiðigjöld.
 - c. Rannsóknir og eftirlit með verndun og nýtingu fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotsins.
 - d. Hafrannsóknastofnun.
 - e. Framkvæmd fiskveiðisamninga við erlend ríki.
 - f. Fiskvinnslu og aðra vinnslu úr sjávarfangi.
 - g. Uppboðsmarkað sjávarafla.
 - h. Eldi hvers konar nytjastofna í sjó eða ferskvatni, skipulag og eftirlit með því.
 - i. Veiði í ám og vötnum.
 - j. Fiskræktarsjóð.
 - k. Matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði.
 - l. Nýsköpun og þróun í sjávarútvegi.
 - m. Fiskistofu.
 - n. Málefni úrskurðarnefndar um ólögmetan sjávarafla.
 - o. Verðlagsstofu skiptaverðs, verðlagsráð sjávarútvegsins.
 - p. Málefni úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna.
8. Landbúnað, matvæli og matvælaöryggi, þar á meðal:
- a. Framleiðslu landbúnaðarafurða.
 - b. Búfjárhald og slátrun.
 - c. Verðlagningu og sölu á búvörum.
 - d. Inn- og útflutning landbúnaðarafurða.
 - e. Eftirlit með inn- og útflutningi dýra og plantna og erfðafna þeirra.
 - f. Velferð dýra.
 - g. Varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði og yrkisrétt.
 - h. Framkvæmd búnaðarlaga.
 - i. Stuðning ríkisins við framleiðslu- og markaðsmál, þ.m.t. framkvæmd búvörulaga.

- j. Almenn jarðamál, ábúðarmál, afrétti, fjallskil og girðingar, þ.m.t. málefni úttekta-
manna og yfirmatsnefndar samkvæmt ábúðarlögum.
 - k. Nýtingu hlunninda jarða.
 - l. Dýralæknaþjónustu.
 - m. Heilbrigðiseftirlit með framleiðslu, vinnslu, inn- og útflutningi og markaðssetningu
matvæla og fódurs.
 - n. Heilbrigði dýra og varnir gegn dýrasjúkdómum.
 - o. Heilbrigði plantna og varnir gegn plöntusjúkdómum.
 - p. Eftirlit með sáðvöru og áburði.
 - q. Hagþjónustu landbúnaðarins.
 - r. Matvælarannsóknir.
 - s. Matvælastofnun.
 - t. Úrskurðarnefndir á sviði landbúnaðar, þ.m.t. æðardúnsnefnd, ullarmatsnefnd og
gærumatsnefnd.
9. Iðnað, verslun og þjónusta, þar á meðal:
- a. Iðnað, þ.m.t. verksmiðjuiðnað, handiðnað, stóriðju og fjárfestingarsaminga.
 - b. Ferðaþjónustu og stuðning ríkisins við gæða- og skipulagsmál greinarinnar.
 - c. Ferðamálastofu.
 - d. Úrbætur og uppbyggingu á ferðamannastöðum.
 - e. Veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
 - f. Bílaleigur.
 - g. Skapandi greinar í þágu atvinnuþróunar.
 - h. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.
 - i. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa.
 - j. Verslunaratvinnu.
 - k. Verslunarskrár, firmu og prókúruumboð.
 - l. Umboðssöluviðskipti.
10. Starfsleyfi og löggildingu, þar á meðal:
- a. Starfsleyfi dýralækna.
 - b. Löggildingu viðskiptafræðinga og hagfræðinga.
 - c. Löggildingu endurskoðenda og málefni Endurskoðendaráðs.
 - d. Starfsréttindi í iðnaði.
 - e. Löggildingu starfsheita í tækni- og hönnunargreinum.

3. gr.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti fer með mál er varða:

1. Skipulag fjármála- og efnahagsráðuneytisins og starfsmannahald.
2. Fjárreiður ríkisins og fjármál að því marki sem þau eru ekki falin öðrum aðilum, þar á
meðal:
 - a. Stefnumörkun og langtímaáætlun í ríkisfjármálum.
 - b. Forsvar og gerð frumvarps til fjárlaga, fjáráukalaga og lokafjárlaga.
 - c. Skuldbindingar fram yfir fjárlagaárið, þ.m.t. rekstrar- og þjónustusamninga.
 - d. Almenn eftirlit með framkvæmd fjárlaga.
 - e. Sjóðsstýringu.
 - f. Lánsfjármál og lántökur.
 - g. Ríkisaðstoð, ríkisábyrgðir og styrki til einkafyrirtækja.
 - h. Reikningshald ríkisins.

- i. Samhæfingu fjármála sveitarfélaga við ríkisfjármál.
 - j. Fjársýslu ríkisins.
3. Eignir ríkisins, þar á meðal:
- a. Fasteignir, verðbréf og hlutabréf og fyrirvar þeirra að því marki sem þær eignir eru ekki faldar öðrum.
 - b. Húsnæðismál ríkisstofnana.
 - c. Bifreiðamál ríkisstofnana.
 - d. Opinberar framkvæmdir.
 - e. Ríkisjarðir, land í eigu ríkisins og samninga vegna nýtingar vatns- og jarðhitaréttinda, náma og jarðefna á landi utan þjóðlendna.
 - f. Jarðasjóð ríkisins.
 - g. Bankasýslu ríkisins.
 - h. Fasteignir ríkissjóðs.
 - i. Framkvæmdasýslu ríkisins.
4. Tekjuöflun ríkisins, þar á meðal:
- a. Skattamál, svo sem álagningu, uppgjör og aðra skattframkvæmd, skattrannsóknir og úrskurði í skattamálum, þ.m.t. málefni ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd.
 - b. Tolla og vörugjöld, þ.m.t. tollgæslu og innheimtu opinberra gjalda, málefni tollstjóra og ríkistollanefndar.
 - c. Aðrar tekjur ríkissjóðs, þ.m.t. arðgreiðslur, leigutekjur og ýmis gjöld.
5. Starfsmannamál ríkisins, þar á meðal:
- a. Almenna stefnumótun í mannauðsmálum ríkisins og fræðslu.
 - b. Launa- og kjaramál.
 - c. Launavinnslu.
 - d. Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
 - e. Kjararáð.
6. Lífeyrismál, þar á meðal:
- a. Lífeyrismál starfsmanna ríkisins, forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.
 - b. Skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
 - c. Starfsemi lífeyrissjóða að því marki sem þau verkefni eru ekki falin öðrum.
 - d. Viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnað, þ.m.t. starfstengda eftirlaunasjóði.
7. Hagstjórn, þar á meðal:
- a. Mat á þróun og horfum í efnahagsmálum og gerð þjóðhagsspár.
 - b. Efnahagsáætlanir og samstillingu opinberrar hagstjórnar.
 - c. Vexti og verðtryggingu.
 - d. Lögeyri, gjaldeyri og fjármagnshreyfingar milli landa.
 - e. Hagskýrslugerð og upplýsingar um landshagi, þ.m.t. málefni Hagstofu Íslands.
 - f. Seðlabanka Íslands.
8. Almennar umbætur í ríkisrekstri, þar á meðal:
- a. Skipulag og stjórnarhætti í ríkisstarfsemi.
 - b. Opinber innkaup og málefni Ríkiskaupa.
 - c. Kærunefnd útboðsmála.
 - d. Hagræðingu í ríkisrekstri og árangursstjórnun.
9. Önnur verkefni, þar á meðal:
- a. Kröfulýsingu í þjóðlendur.
 - b. Verslun með áfengi og tóbak og málefni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

- c. Málefni og eigendaforsvar fjölþjóðlegra lánastofnana, annarra en þeirra sem fara með þróunaraðstoð, þ.m.t. gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF).

4. gr.

Innanríkisráðuneyti.

Innanríkisráðuneyti fer með mál er varða:

1. Skipulag innanríkisráðuneytisins og starfsmannahald.
2. Ákærvald, þar á meðal:
 - a. Embætti ríkissaksóknara.
 - b. Embætti sérstaks saksóknara.
3. Dómstóla, aðra en félagsdóm, þar á meðal:
 - a. Dómstólaráð.
 - b. Dómnefnd um hæfi umsækjenda um dómarastörf.
 - c. Nefnd um dómarastörf.
4. Réttarfar, þar á meðal:
 - a. Meðferð einkamála.
 - b. Meðferð sakamála.
 - c. Endurupptökunefnd.
 - d. Aðför, kyrrsetningu, lögbann og löggeymslu.
 - e. Gjaldprotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga.
 - f. Nauðungarsölur.
 - g. Lögbókandagerðir.
 - h. Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum.
5. Réttaraðstoð, þar á meðal:
 - a. Gjafsókn.
 - b. Réttaraðstoð vegna nauðasamninga.
 - c. Gagnkvæma alþjóðlega réttaraðstoð.
6. Refsirétt.
7. Skaðabótarétt og sanngirnibætur, þar á meðal:
 - a. Bætur til þolenda afbrota, þ.m.t. málefni bótanefndar um greiðslu bóta til þolenda afbrota.
 - b. Sanngirnibætur, þ.m.t. málefni úrskurðarnefndar um sanngirnibætur.
 - c. Skaðabætur utan samninga.
 - d. Niðurjöfnunarmenn sjóttjóns.
8. Lögmenn, dómtúlka og skjalabýðendur, þ.m.t. málefni útskurðarnefndar lögmanna.
9. Birtingu laga og stjórnvaldserinda, þar á meðal:
 - a. Lagasafn.
 - b. Lögbirtingablað.
 - c. Stjórnartíðindi.
10. Eignarétt og veðrétt, þar á meðal:
 - a. Eigna- og afnotarétt fasteigna.
 - b. Framkvæmd eignarnáms, er eigi ber undir annað ráðuneyti, þ.m.t. málefni matsnefndar eignarnámsbóta.
 - c. Þinglýsingar.
11. Fullnustu dóma, þar á meðal:
 - a. Fangelsi.
 - b. Fangavist.

- c. Reynslulausn fanga og samfélagsþjónustu.
 - d. Flutning dæmdra manna.
 - e. Náðun, sakaruppgjöf og uppreist æru.
 - f. Fangelsismálastofnun ríkisins.
12. Almannaávarnir.
13. Leit og björgun, þar á meðal:
- a. Samræmda neyðarsímsvörun.
 - b. Vöktun innviða.
 - c. Köfun.
14. Lögreglu og löggæslu, þar á meðal:
- a. Landamæravörslu.
 - b. Gæslu landhelgi og fiskimiða.
 - c. Framsal/afhendingu sakamanna.
 - d. Schengen.
 - e. Peningaþvætti.
 - f. Erfðaefnaskrá lögreglu.
 - g. Öryggisþjónusta í atvinnuskyni.
 - h. Lögregluskóla ríkisins.
 - i. Embætti ríkislögreglustjóra.
 - j. Lögreglustjóraembætti.
15. Sjómælingar og sjókortagerð.
16. Vopnamál.
17. Áfengismál, sem ekki heyra undir annað ráðuneyti.
18. Samgöngur í lofti, á landi og á sjó, þar á meðal:
- a. Flugvelli, vegi, hafnir, vita og sjóvarnir.
 - b. Skipulag og uppbyggingu samgöngukerfisins.
 - c. Viðhald og rekstur samgöngukerfisins.
 - d. Fólksflutninga, farmflutninga og almenningsamgöngur.
 - e. Samgönguöryggi.
 - f. Samgönguvernd.
 - g. Samgönguáætlun.
 - h. Skipsströnd og vogverk.
 - i. Rannsókn samgönguslysa, þ.m.t. málefni rannsóknarnefndar flugslysa, rannsóknarnefndar sjóslysa og rannsóknarnefndar umferðarslysa.
 - j. Samgöngutækjaskrár.
 - k. Eftirlit með skráningu og búnaði samgöngutækja.
 - l. Eftirlit með loftferðum og umferð ökutækja og skipa.
 - m. Leiðsögu-, vöktunar-, upplýsinga- og eftirlitskerfi samgangna.
 - n. Réttindamál fagaðila í skipum, loftförum og ökutækjum.
 - o. Slysavarnarskóla sjómanna.
 - p. Lögskráningu sjómanna.
 - q. Flugmálastjórn Íslands.
 - r. Siglingastofnun Íslands.
 - s. Umferðarstofu.
 - t. Vegagerðina.
19. Fjarskipti, þar á meðal:
- a. Fjarskiptanet, þó ekki efni sem sent er á fjarskiptanetum.
 - b. Fjarskiptaþjónustu, gagnaflutninga og fjarskiptarekstur.

- c. Fjarskiptavernd.
 - d. Öryggi rafrænna samskipta og netöryggi.
 - e. Lén og málefni netsins.
 - f. Eftirlit með fjarskiptum.
 - g. Fjarskiptasjóð.
 - h. Póstþjónustu, póstrekstur og eftirlit með pósthjónustu.
 - i. Póst- og fjarskiptastofnun og málefni úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.
20. Almennaskráningu og lögheimili, fasteignaskrá, landamerki og fasteignamat, þar á meðal:
- a. Þjóðskrá Íslands.
 - b. Yfirfasteignamatsnefnd.
21. Málefni upplýsingasamfélagsins.
22. Mannréttindi og mannréttindasáttmála.
23. Sifjarétt, þar á meðal:
- a. Málefni barna, nema barnavernd, þ.m.t. ættleiðingar og brottnám.
 - b. Hjúskap.
24. Persónurétt og persónuvernd, þar á meðal:
- a. Lögræði.
 - b. Mannanöfn og málefni mannanafnanefndar.
 - c. Persónuvernd.
25. Erfðarétt, lög um horfna menn og yfirfjárráð, skipti á dánarbúum.
26. Kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.
27. Trúmál, þar á meðal:
- a. Trúfélög.
 - b. Þjóðkirkjuna, biskupsstofu og áfrýjunarnefnd í málefnum þjóðkirkjunnar.
 - c. Bókasöfn prestakalla.
 - d. Sóknargjöld.
 - e. Kristnisjóð.
 - f. Kirkjumálasjóð.
 - g. Helgidagafrið.
 - h. Lífsskoðunarfélög.
28. Persónuskilríki, þ.m.t. vegabréf, önnur en diplómátísk.
29. Ríkisborgararétt og málefni útlendinga (að frátöldum atvinnuleyfum).
30. Útlendingastofnun.
31. Neytendamál, þar á meðal:
- a. Eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
 - b. Vöruöryggi, þ.m.t. vörur unnar úr eðalmálmum.
 - c. Neytendalán.
 - d. Lausafjárkaup, fasteignakaup, neytendakaup og þjónustukaup, þ.m.t. málefni kærunefndar um lausafjár- og þjónustukaup.
 - e. Samningarétt.
 - f. Alferðir.
 - g. Afnotarétt orlofshúsnaðis.
 - h. Húsgöngu- og fjarsölusamninga.
 - i. Mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.
 - j. Neytendastofu.
 - k. Talsmann neytenda.
 - l. Áfrýjunarnefnd um neytendamál.

32. Hapdrætti, veðmálastarfsemi, talnagetraunir og almennar fjársafnanir.
33. Sveitarstjórnarmál, þar á meðal:
 - a. Stjórnsýslu og verkefni sveitarfélaga.
 - b. Tekjustofna og fjármál sveitarfélaga.
 - c. Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
 - d. Mörk sveitarfélaga.
 - e. Landskipti.
 - f. Innheimtustofnun sveitarfélaga.
34. Sýslumenn og hreppstjóra.
35. Kosningar:
 - a. Kjör til forseta Íslands, kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, þjóðaratkvæðagreiðslur og aðrar almannakosningar sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
 - b. Fjármál stjórnámtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra.
36. Málefni sjóða og stofnana sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá.
37. Landhelgisgæslu Íslands.

5. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fer með mál er varða:

1. Skipulag mennta- og menningarmálaráðuneytisins og starfsmannahald.
2. Fræðslumál, þar á meðal:
 - a. Leikskóla.
 - b. Grunnskóla.
 - c. Framhaldsskóla.
 - d. Háskóla.
 - e. Tónlistarskóla.
 - f. Framhaldsfræðslu og málefni Fræðslusjóðs.
 - g. Listaskóla.
 - h. Námskrágerð.
 - i. Námsgögn.
 - j. Námsmat.
 - k. Vinnustaðanámssjóð.
 - l. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra.
 - m. Úrskurðarnefnd vegna kostnaðar við skólagöngu fósturbarna.
 - n. Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema.
 - o. Námsgagnastofnun.
 - p. Námsmatsstofnun.
3. Námsaðstoð, þar á meðal:
 - a. Námslán.
 - b. Námsstyrki.
 - c. Lánasjóð íslenskra námsmanna.
 - d. Málsskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna.
 - e. Námsstyrkjanefnd.
4. Vísindamál, þar á meðal:
 - a. Rannsóknastarfsemi, einkum á sviði grunnrannsókna.
 - b. Vísindastarfsemi sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
 - c. Opinberan stuðning við vísindastarfsemi.
 - d. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum.

- e. Rannsóknarmiðstöð Íslands.
- 5. Safnamál, þar á meðal:
 - a. Bókasöfn, utan bókasafna prestakalla, þ.m.t. Landsbókasafn Íslands.
 - b. Skjalasöfn, þ.m.t. málefni Þjóðskjalasafns Íslands.
 - c. Minjasöfn.
 - d. Safnasjóð.
 - e. Listasöfn, þ.m.t. málefni Listasafns Íslands.
 - f. Náttúruminjasafn Íslands.
- 6. Menningarminjar, þar á meðal:
 - a. Fornleifar.
 - b. Húsfriðun.
 - c. Varðveislu menningararfsins, þ.m.t. friðun húsa, jarðfastra minja og gripa og flutning menningarverðmæta úr landi og skil þeirra til annarra landa.
 - d. Minjastofnun Íslands.
- 7. Listir og menningu, þar á meðal:
 - a. Bókmenntir.
 - b. Myndlist.
 - c. Listskreytingar opinberra bygginga.
 - d. Sviðslist.
 - e. Tónlist, þ.m.t. málefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og málefni tónlistarsjóðs.
 - f. Kvikmyndir, þ.m.t. málefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og Kvikmyndasafns Íslands.
 - g. Starfslaun listamanna.
 - h. Stuðning við listir og kynningu íslenskrar listar innanlands og utan.
 - i. Miðstöð íslenskra bókmennta og bókmenntasjóð.
 - j. Listskreytingarsjóð.
 - k. Þjóðleikhúsið.
 - l. Íslenska dansflokkinn.
- 8. Höfundarétt, þar á meðal:
 - a. Fylgiréttargjald samkvæmt höfundalögum og lögum um verslunaratvinnu.
 - b. Úrskurðarnefnd höfundaréttarmála.
- 9. Íslensk fræði, þar á meðal:
 - a. Íslenska tungu.
 - b. Íslenskt táknmál.
 - c. Örnefni.
 - d. Bæjanöfn.
 - e. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
 - f. Örnefnanefnd.
- 10. Fjölmiðla, þar á meðal:
 - a. Mynd- og hljóðmiðla.
 - b. Netmiðla.
 - c. Prentmiðla.
 - d. Eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.
 - e. Ríkisútvarpið.
 - f. Fjölmiðlanefnd.
- 11. Ábyrgðarreglur og efnisréttindi á netinu, þ.m.t. höfundarétt.
- 12. Íþróttamál, þar á meðal:
 - a. Málefni þjóðarleikvanga.

- b. Frjáls félagasamtök.
 - c. Sjóði.
 - d. Íslenskar getraunir.
 - e. Launasjóð stórmeistara í skák og málefni Skákskóla Íslands.
13. Æskulýðsmál, þar á meðal:
- a. Æskulýðsráð ríkisins.
 - b. Æskulýðssjóð.
 - c. Frjáls félagasamtök.
14. Lögvernduð starfsheiti, þar á meðal:
- a. Starfsréttindi bókasafns- og upplýsingafræðinga.
 - b. Lögverndun starfsréttinda leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.
 - c. Starfsréttindi náms- og starfsráðgjafa.
 - d. Viðurkenningu á faglegru menntun og hæfi.
15. Erlent samstarf á sviði menntunar, menningar og vísinda.
16. Annað, þar á meðal:
- a. Félagsheimili.
 - b. Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.
 - c. Grænlandssjóð.

6. gr.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti fer með mál er varða:

1. Skipulag umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og starfsmannahald.
2. Náttúruvernd, þar á meðal:
 - a. Líffræðilega fjölbreytni, s.s. verndun vistkerfa, búsvæða, tegunda og erfðaefnis, þar með talið í hafi.
 - b. Vernd jarðmyndana.
 - c. Verndarsvæði í hafi til varðveislu náttúruminja eða sérstakra vistkerfa á hafsbotni til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið fer með framkvæmd á.
 - d. Friðlýst svæði, þ.m.t. málefni Vatnajökulþjóðgarðs og annarra þjóðgarða að frátöldum Þingvallalþjóðgarði.
 - e. Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum vegna náttúru eða landslags, þ.m.t. málefni Náttúruvísindasóknarmiðstöðvarinnar við Mývatn.
 - f. Sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.
 - g. Úrbætur og uppbyggingu á aðstöðu til móttöku ferðamanna í þjóðgördum og friðlýstum svæðum.
3. Skógrækt, landgræðslu og varnir gegn landbroti, þar á meðal:
 - a. Gróður- og jarðvegsvernd.
 - b. Landshlutabundin verkefni í skógrækt.
 - c. Endurheimt vistkerfa, þ.m.t. votlendis.
 - d. Landgræðslu ríkisins.
 - e. Skógrækt ríkisins.
4. Rannsóknir og skráningu upplýsinga um náttúru landsins, hafsins og hafsbotsins, þar á meðal:
 - a. Umhverfisrannsóknir og umhverfisvöktun.
 - b. Rannsóknir á jarðrænum auðlindum á landi og á hafsbotni öðrum en olíu og ráðgjöf um nýtingu þeirra, þ.m.t. málefni Íslenskra orkurannsókna.

- c. Rannsóknir á lífríki í ám og vötnum og ráðgjöf um nýtingu þeirra, þ.m.t. málefni Veiðimálastofnunar.
5. Söfnun upplýsinga um umhverfis- og auðlindamál og sjálfbærni á norðurslóðum, þ.m.t. málefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.
6. Stjórn vatnamála og ráðgjöf um nýtingu vatns.
7. Mengunarvarnir, þar á meðal:
 - a. Hljóðvist.
 - b. Mengun hafs og stranda, vatns og jarðvegs.
 - c. Meðhöndlun úrgangs og úrvinnslugjald, þ.m.t. málefni Úrvinnslusjóðs.
 - d. Fráveitur.
 - e. Loftgæði.
8. Umhverfisábyrgð.
9. Loftslagsvernd, þar á meðal:
 - a. Losun gróðurhúsalofttegunda.
 - b. Viðskipti með losunarheimildir.
 - c. Skráningarkerfi gróðurhúsalofttegunda og losunarheimilda.
10. Hollustuhætti.
11. Efni og efnavörur.
12. Skipulagsmál, þar á meðal:
 - a. Landsskipulagsstefnu.
 - b. Skipulag haf- og strandsvæða.
 - c. Skipulagsstofnun.
13. Sjálfbæra þróun, þar á meðal:
 - a. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun og ráðgjöf um nýtingu auðlinda.
 - b. Viðmið um sjálfbæra nýtingu auðlinda.
14. Mat á umhverfisáhrifum áætlana og framkvæmda.
15. Upplýsingarétt um umhverfismál.
16. Landupplýsingar og grunnkortagerð, þ.m.t. málefni Landmælinga Íslands.
17. Mannvirki, þar á meðal:
 - a. Eftirlit með mannvirkjum og gerð þeirra.
 - b. Brunavarnir.
 - c. Eftirlit með byggingarvörum.
 - d. Eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum.
 - e. Mannvirkjastofnun.
18. Veður og náttúruvá, þar á meðal:
 - a. Veðurþjónusta.
 - b. Vöktun á náttúruvá.
 - c. Varnir gegn ofanflóðum.
 - d. Rannsóknir og vöktun á vatnafari landsins.
 - e. Veðurstofu Íslands.
19. Veiðistjórnun og alþjóðaverslun með villt dýr og plöntur, þar á meðal:
 - a. Stjórnun veiða villtra fugla og villtra spendýra, annarra en sjávarspendýra.
 - b. Vernd og friðun villtra dýra og villtra fugla.
 - c. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu.
20. Erfðabreyttar lífverur.
21. Framkvæmd alþjóðasamninga um umhverfismál.
22. Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.
23. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

24. Umhverfisstofnun.
25. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

7. gr.

Utanríkisráðuneyti.

Utanríkisráðuneyti fer með mál er varða:

1. Skipulag utanríkisráðuneytisins og starfsmannahald.
2. Utanríkismál, þar á meðal:
 - a. Skipti forseta Íslands og annarra þjóðhöfðingja.
 - b. Sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur Íslands erlendis.
 - c. Sendiráð og ræðisskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi.
 - d. Skipti við erlend ríki, þ.m.t. norræna samvinnu.
 - e. Réttindi Íslendinga og íslenska hagsmuni erlendis.
 - f. Samninga við önnur ríki og gerð þeirra og framkvæmd tiltekinna samninga, sbr. m.a. lög nr. 90/1994, 57/2000, 93/2008 og 58/2010.
 - g. Aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum, stofnunum, ráðstefnum og fundum er varða opinbera hagsmuni og eigi ber undir annað ráðuneyti samkvæmt ákvæðum þessa úrskurðar eða eðli máls. Friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.
 - h. Diplómatísk vegabréf, þjónustuvegabréf og áritun vegabréfa.
 - i. Kynningu Íslands og íslenskra efna með öðrum þjóðum nema slík mál séu lögð til annars ráðuneytis.
 - j. Íslandsstofu.
 - k. Varnarmál, aðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO), varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, samskipti og samstarf við erlend ríki, hermálafirrvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála, varnarsvæði, öryggissvæði á Keflavíkurlflugvelli og önnur öryggissvæði, þ.m.t. skipulags- og mannvirkjamál, rekstur mannvirkja og eigna Atlantshafsbandalagsins á Íslandi, þ.m.t. íslenska ratsjár- og loftvarnakerfið (IADS).
 - l. Útflutningsverslun.
 - m. Undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga.
 - n. Skipti Íslands við alþjóðleg viðskiptasamtök.
 - o. Vörusýningar erlendis.
 - p. Þróunarsamvinnu, friðargæslu og neyðarhjálp.
 - q. Þróunarsamvinnustofnun Íslands.
 - r. Hafréttarmál.

8. gr.

Velferðarráðuneyti.

Velferðarráðuneyti fer með mál er varða:

1. Skipulag velferðarráðuneytisins og starfsmannahald.
2. Félags- og fjölskyldumál, þar á meðal:
 - a. Barnavernd.
 - b. Barnaverndarstofu.
 - c. Kærunefnd barnaverndarmála.
 - d. Málefni fatlaðs fólks.
 - e. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.
 - f. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
 - g. Málefni aldraðra.

- h. Málefni innflytjenda og flóttafólks.
 - i. Fjölmenningarsetur.
 - j. Félagslega aðstoð.
 - k. Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.
 - l. Félagsþjónustu sveitarfélaga.
 - m. Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála.
 - n. Ráðgjöf og úrræði vegna fjármála heimilanna, þ.m.t. greiðsluaðlögun einstaklinga.
 - o. Umboðsmann skuldara.
 - p. Kærunefnd greiðsluaðlögunarmála.
 - q. Ættleiðingastyrki.
 - r. Orlof húsmæðra.
3. Almennatryggingar, þar á meðal:
- a. Lífeyristryggingar og eftirlaun aldraðra.
 - b. Tryggingastofnun ríkisins.
 - c. Sjúkratryggingar.
 - d. Sjúklingatryggingu.
 - e. Slysatryggingar.
 - f. Sjúkratryggingastofnun.
 - g. Úrskurðarnefnd almennatrygginga.
 - h. Fjárhagsaðstoð við lifandi líffæragjafa.
4. Heilbrigðismál, þar á meðal:
- a. Heilsugæslu.
 - b. Sjúkrahús.
 - c. Heilbrigðisstofnanir.
 - d. Sérhæfða heilbrigðisþjónustu utan stofnana.
 - e. Hjúkrunarheimili.
 - f. Endurhæfingarstarfsemi og meðferðarstofnanir.
 - g. Lyf.
 - h. Ávana- og fíkniefni.
 - i. Lækningatæki.
 - j. Lyfjastofnun.
 - k. Lyfjagreiðslunefnd.
 - l. Tæknifrjóvgun.
 - m. Sjúkraskrár og gagnasöfn á heilbrigðissviði.
 - n. Réttindi sjúklinga.
 - o. Starfsréttindi í heilbrigðisþjónustu.
 - p. Embætti landlæknis.
 - q. Heyrnar- og talmeinaæstoð.
5. Lýðheilsu og forvarnir, þar á meðal:
- a. Heilsuefningu.
 - b. Áfengis- og vímuvarnir.
 - c. Slysavarnir.
 - d. Sóttvarnir.
 - e. Tóbaksvarnir.
 - f. Geislavarnir.
 - g. Geislavarnir ríkisins.
6. Lífvísindi og lífsiðfræði, þar á meðal:
- a. Vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

- b. Vísindasiðanefnd.
 - c. Lífsýnasöfn.
 - d. Líffæragjafir og líffæraígræðslu.
 - e. Ákvörðun dauða, dánarvottorð og krufningar.
7. Húsnæðismál, þar á meðal:
- a. Húsnæðislán.
 - b. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.
 - c. Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.
 - d. Íbúðalánasjóð.
 - e. Húsaleigumál.
 - f. Húsaleigubætur.
 - g. Húsnæðissamvinnufélög og byggingarsamvinnufélög.
 - h. Fjöleignarhús.
 - i. Frístundabyggð.
 - j. Kærunefnd húsamála.
8. Vinnumál, þar á meðal:
- a. Réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
 - b. Starfsmannaleigur.
 - c. Aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
 - d. Vinnueftirlit ríkisins.
 - e. Vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.
 - f. Félagsdóm.
 - g. Vinnumarkaðsaðgerðir.
 - h. Sáttastörf í vinnudeilum.
 - i. Ríkissáttasemjara.
 - j. Atvinnuleysistryggingar.
 - k. Úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða.
 - l. Atvinnutengda starfsendurhæfingu.
 - m. Atvinnuréttindi útlendinga.
 - n. Ábyrgð á launum við gjaldþrot.
 - o. Fæðinga- og foreldraorlof.
 - p. Úrskurðarnefnd um fæðinga- og foreldraorlofsmál.
 - q. Vinnumálstofnun.
 - r. Félagsmálaskóla alþýðu.
9. Jafnréttismál, þar á meðal:
- a. Jafnrétti kynjanna.
 - b. Jafnréttisstofu.
 - c. Kærunefnd jafnréttismála.
 - d. Jafnrétti á vinnumarkaði.
10. Annað, þar á meðal:
- a. Græðara.
 - b. Kynáttunarvanda.
 - c. Fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.
 - d. Úrskurðarnefnd um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

9. gr.

Ágreiningur.

Málefni sem eigi er getið í 1.-8. gr. skulu lögð til ráðuneytis þar sem þau eðli sínu samkvæmt eiga heima.

Nú leikur vafi á um, eða ágreiningur rís um, hvaða ráðuneyti skuli með mál fara og sker forsætisráðherra þá úr.

10. gr.

Gildistaka.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði eldri forsetaúrskurðar nr. 100 frá 30. ágúst 2012 um skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Gjört á Bessastöðum, 23. apríl 2013.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.